

ÚTTEKT



Mun fleiri konur en karlar brautskrást frá háskólum á Íslandi.

Morgunblaðið/Kristinn

Er um við tilbúin að fórnna einni kynslóð drengja?

Í meira en áratug hafa konur verið um 70% þeirra sem ljúka háskólaprófi á Íslandi sem er ein birtingarmynd þess vanda sem drengir glíma við innan skólakerfisins. Hvaða þjóðhagslegu og samfélagslegu áhrif hefur þessi staða haft og hvað þýðir hún til lengri tíma lítið? Er um við á leið frá einni þjóðfélagskekkju yfir í aðra? Lengi hallaði á konur en mun framvegis halla á karla?

Orri Páll Ormarsson orri@mbl.is

Drengir og stúlkur standa jafnfætis þegar námsferill þeirra hefst í fyrsta bekk grunnskóla en með tímanum verður leikurinn ójafnari. Stúlkur eru í meirihluta meðal stúdenta og í meirihluta þeirra sem ljúka háskólaprófi. Kynjahallinn hér á landi er mikill í alþjóðlegum samanburði. Karlar voru í yfirgnæfandi meirihluta þeirra sem brautskráðust frá Háskóla Íslands fram á áttunda áratug 20. aldar. Fjöldi brautskráðra jókst eftir 1970 en þá fjölgaði konum mun hraðar en körlum. Árið 1987 brautskráðust í fyrsta skipti fleiri konur en körlum og þeim fjölgaði hlutfallslega meira en körlum nánast samfleytt til ársins 2009. Frá 2009 hafa konur verið um 70% brautskráðra en karlar um 30%.

Taflið snýst

Gylfi Zoega, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, hefur velt þessum málum fyrir sér á umliðnum árum. Hann segist hafa tekið eftir miklum kynjahalla á göngum Háskóla Íslands í langan tíma sem hafi orðið til þess að hann fór að skoða hvernig á þessu stæði. Frá Háskóla Íslands brautskrást um þessar mundir um það bil tvær konur fyrir hvern karl úr grunnskóla en fyrir hvern karl með meistara- og doktorsgráðu brautskrást um þrjár konur. Konur eru einnig í miklum meirihluta þeirra sem útskrifast frá Háskólanum á Akureyri. Greinar þar sem karlar voru áður ráðandi eru ýmist smám saman að verða kvennagreinir eða eru þegar orðnar það.

Gylfi bendir á, að vísbendingar séu um að vandi drengja í skólakerfinu á Vesturlöndum fari vaxandi. Lestur reynist þeim að jafnaði



Viðar Halldórsson, prófessor í félagsfræði.



Gylfi Zoega, prófessor í hagfræði.

Um þrjár af hverjum fjórum nemendum sem eru í lægstu tíund í íslensku í tíunda bekk eru strákar. Brottfall drengja er um 50% meira en stúlkna í framhaldsskólum, bæði í bóknámi og starfsnámi

erfiðari, þeir séu ekki eins líklegir til þess að ljúka háskólanámi og hafi ekki lengur sama forskot í stærðfræði líkt og eldri rannsóknir gáfu til kynna. Um þrjár af hverjum fjórum nemendum sem eru í lægstu tíund í íslensku í tíunda bekk eru strákar. Brottfall drengja er um 50% meira en stúlkna í framhaldsskólum, bæði í bóknámi og starfsnámi. Brautin úr grunnskóla í verknað er ekki eins greið og í flestum Evrópuríkjunum og því ekki gert jafnhátt undir höfuð og bóknámi.

Um leið og Gylfi fagnar því að menntun kvenna aukist, sem hafi í för með sér betri kjör og fleiri tækifæri þeim til handa, þá sé umhugsunarvert að á sama tíma sé farið að halla á karlana. Það hafi lengi hallað á konur í þjóðfélaginu þegar kom að menntun, tækifærum og launum en góður árangur hafi náðst í baráttu þeirra fyrir bættum kjörum. Mikið

hefur verið rætt og ritað um kvennabaráttu og jafnrétti kynjanna gegnum tíðina og núna þegar taflið virðist vera að snúast við, allavega í skólakerfinu, megi ekki falla í þá gryfju að horfa framhjá því og taka ekki á vandanum.

Ekki 15 ára drengjum að kenna

Í ljósi sögunnar gæti einhver spurt hvort þessi þróun sé ekki bara sjálfsögð og í góðu lagi. Er ekki tímabært að konur komist til meiri áhrifa í samfélaginu og taki meira til sín á kostnað karla? Gylfi svarar því til að fimmtán ára drengir sem nú sitja á skólabeck berri enga ábyrgð á því hvað fyrri kynslóðir gerðu og fyrir vikið fráleitt að refs þeim. Þeir voru ekki fæddir þegar hallaði sem mest á kvenþjóðina í námi og starfi. Og þótt meirihluti forstjóra í stórum fyrirtækjum sé enn sem komið er karlar þá réttlæti það ekki að margir

ungir menn beri skarðan hlut frá borði. Skólar eiga að höfða jafnmikið til drengja og stúlkna.

Vaxandi vandi

Gylfi segir alvarlegt að um 1.100 af um 4.000 nemendum í hverjum árgangi sem ljúka grunnskólaprófi geti ekki lesið sér til gagns. Drengir eru þar í meirihluta en þetta á auðvitað einnig við um stúlkur en PISA rannsóknir sýna að fimmta hver stúlka geti ekki lesið sér til gagns. Þetta þýðir að þessir 1.100 einstaklingar eiga á hættu að búa við skert tækifæri í lífinu. Á hverjum fjórum árum verður til hópur sem samsvarar íbúum Vestmannaeyja sem getur ekki lesið sér til gagns. Það sé ekki nóg að búa til tíu ára áætlun til þess að taka á þessum máli ... þetta sé alvarlegra en svo.

Hann nefnir að ekki megi gleyma börnum innflytjenda. Hér búi um 50 þúsund innflytjendur og það verði að tryggja þeim og börnum þeirra jöfn tækifæri. Einnig verði að huga að því hvort börn á landsbyggðinni hafi sömu tækifæri og þau sem búa á höfuðborgarsvæðinu.

Yfirsjón hefðbundinna stjórnmála

Stórir hópar sem búa við skert tækifæri eru frjór jarðvegur fyrir ýmsar öfgahreyfingar í stjórnmálum, reiði og félagsleg vandamál. Gylfi segir hefðbundna stjórnmálaflokkar á Vesturlöndum hafa á liðnum áratugum gert þau mistök að sitja aðgerðalausir á meðan ójöfnuður myndast og hópar dragast aftur úr. Síðan sé hneykslast á fylgi ýmissa stjórnmálahreyfinga sem höfða til reiði þessara hópa í stað þess að taka á rótum vandans sem er ójörn tækifæri í lífinu.

ÚTTEKT



Stúlkur ná forskoti á drengi í framhaldsskóla en um 60% þeirra sem ljúka stúdentsprófi eru stúlkur.

Morgunblaðið/Árni Torfason

Ekki þarf að fjölyrða um að við höfum lengi búið við þjóðfélagslega skekkju að því leyti að karlar hafa haft forskot á konur; ráðið meiru og fengið betri stöður gegnum árin og raunar aldarnar. Samfélagið hefur verið mjög karllægt og konur hafa þurft að hafa meira fyrir því að koma sér áfram. Á síðustu árum hefur leikurinn hins vegar verið að jafnast og ýmsir á því að risaskref hafi verið stigið bara núna á síðustu fimm til tíu árum eftir mikla forvinnu síðustu fjórutíu til fimmtíu árin. Þessi markvissa barátta kvenna fyrir auknum réttindum hefur skilað miklum árangri, leitt til valdeflingar þeirra og jafnað leikinn enda þótt mörgum þyki að enn megi gera betur. Líta má á metoo-byllinguna sem enn ein vatnaskilin í þeirri baráttu. Varla er ofmælt að svo sé komið að við nálgumst jafnvægi milli karla og kvenna. Þjóðfélags skekkjan hefur svo gott sem verið leiðrétt.

Markvissar aðgerðir

Tekið var á þessum kerfisbundna vanda með markvissum aðgerðum, lagasetningu og reglugerðum og hlutur kvenna á vinnumarkaði hefur vaxið hratt og örugglega. Þær hafa einnig sótt á þegar kemur að áhrifastöðum, nægir þar að nefna að kona gegnir embætti forsætisráðherra, biskup Íslands er kona, þær eru bankastjórnar, forstjórnar í fyrirtækjum og þar fram eftir götunum.

Ýmsum aðferðum hefur verið beitt. Nefna má að sífóniuhljómsveitir úti í heimi höfðu tilhneigingu til að ráða frekar karla en konur til starfa. Við því var brugðist með því að láta áheyrnarprufurnar fara fram fyrir aftan tjald og við það vænkadist hagur kvenna. Fyrirkomulag sem einnig tíðkast í hinum vinsælu sjónvarpsþáttum Röddinni eða The Voice, þótt það sé á öðrum forsendum. Varla þarf að beita slíkum aðferðum í dag enda tíðarandinn gjörbreyttur.

Synd ef pendúllinn sveiflaðist

Þegar þessu langþráða takmarki, að jafna stöðu karla og kvenna, er loksins náð yrði þá ekki synd að pendúllinn færi að sveiflast í hina áttina, það er að halla færri á karlana? Svári nú hver fyrir sig. Vandí drengja í skólakerfinu er þó vísbending um að svo gæti farið, ekki síst ef hlutföllin haldað óbreytt, það er að 70% þeirra sem ljúka háskólaprófi verði áfram konur. Það gæti leitt til þess að karlar sitji eftir með minni menntun og um leið minni vísunni og þekkingu á mismunandi skoðunum og hugmyndafræði sem aftur gæti takmarkað getu þeirra til að setja sig í spor annarra. Það yrði óheppileg þróun.

Hvað er þá til ráða? Þurfum við að grípa strax inn í eða bíða bara og vona að jafnvægi náist aftur í framtíðinni?

Dr. Viðar Halldórsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, er á því að þurfum að grípa strax inn í. Og hvernig gerum við það? Jú, með því að koma í veg fyrir að

Vandamál víðar en á Íslandi

Vandi drengja í skólakerfinu er fráleitt bundinn við Ísland. Umræðan hefur átt sér stað víða um heim, ekki síst á Vesturlöndum, og ýmsir kannast við kenningar bandaríska heimspekingsins og rit höfundarins Christinu Hoff Sommers sem meðal annars skrifaði bókina *The War Against Boys: How Misguided Feminism Is Harming Our Young Men* fyrir um tveimur áratugum.

Sommers er einnig vinsæll fyrirlesari og meðal þess sem hún gagnrýni er áhersla bandaríska skólakerfisins á stúlkur og að draga það besta fram í þeim en það áttak nær aftur til níunda áratugarins. Sommers segir átakið byggjast á misskilningi og gölluðum rannsóknum enda hafi upplaggið verið að skólakerfið félli betur að þörfum drengja þar sem karlar réðu lögum og lofum í samfélaginu. Svo sé ekki, þvert á móti henti skólakerfið stúlkum betur og hafi lengi gert. Sömu röksemdir og komið hafa fram í þessum greinaflokk í *Sunnudagsblaðinu* undanfarnar helgar.

Þetta hefur, að áliti Sommers, stuðlað að fordómum í garð drengja og í sumum tilfellum gert þá hornreka innan veggja skólanna sem gegnsmeytt séu kvenlægar stofnanir. Drengjamening sé töluð niður og drengjum refsað fyrir að vera eins og þeir eru. Allt sé það gert til að rétta hlut stúlkna í skólakerfinu og tryggja þeim réttlæti. Sem löngu sé búið að gera.

Bókin fékk misjafna dóma á sinni tíð og er ennþá umdeild; rétt eins og höfundurinn sem hefur gegnum tíðina ver-



Christina Hoff Sommers, heimspekingur og rithöfundur.

id mjög gagnrýnin á feminisma eins og hann birtist á okkar tímum. Hún hefur meðal annars legið feministum á hálsi fyrir að vilja ekki taka alvarlega þann möguleika að kynin séu jöfn en ólík og að nálgast þurfi þau á þeirra forsendum.

Það sjónarmið kallast á við margt sem fram hefur komið í þessum greinaflokk en skólakerfið er meðal annars gagnrýnt fyrir að gera ekki greinarmun á kynjunum. Drengir séu drengir, rétt eins og stúlkur séu stúlkur og nálgast þurfi þau á þeim forsendum.

Sommers hefur einnig verið skömmuð fyrir að draga orðið „stríð“ inn í umræðuna. Henni hafi aðeins tekist að sýna fram á að hið kvenlæga skólakerfi hafi haft vilja til að brjóta upp gamlar hugmyndir um drengjameningu.

Drengir-verða-alltaf-drengir-viðhorfið í barnaupplendi. Of fast sé að orðið kveðið þegar rétt sé um stríð.

Viðar segir mikilvægt að ráðast að rótum vandans. „Það ræðst ekki þegar drengir eru orðnir átján eða nítján ára hverjir fara í háskóla og hverjir ekki. Þá er alltof seint að setja plástur á sárin. Við þurfum að byrja strax og grunnskólagangan hefst; vinna vinnuna betur þegar börnin eru sex og sjö ára. Við vorum þess umkomin að fara í markvissar aðgerðir varðandi stöðu kvenna á vinnumarkaði, þess vegna hljóttum við líka að geta tekið með markvissum hætti á vanda drengja í skólakerfinu. Markviss vinna skilar árangri. Virkja þarf drengina frá fyrsta degi, örva áhuga þeirra og gera skólann merkingarþærari. Skólinn þarf að tengja við drengina og taka betur utan um þá.“

– Hvernig sérðu framtíðina fyrir þér? Heldurðu að stöðu drengja í íslenska skólakerfinu verði orðin betri eftir tíu eða tuttugu ár?

„Á einhverjum tímum komu við til

Heimurinn er allt annar nú en fyrir tuttugu árum og það er hættuleg þróun til lengri tíma ef stór þjóðfélagsþróun fær ekki menntun og þá þekkingu, upplýsingalæsi og vísunni sem henn fylgir.

með að bregðast við sem samfélag. Spurningin er bara hvort við erum tilbúin að fórna einni kynslóð drengja. Þurfum við að brenna okkur áður en við sækjum vatnið? Mitt svar er að við þurfum að bregðast við sem fyrst.“

Upplýsingaóreiðan olía á eldinn

Viðar lítur á upplýsingaóreiðuna, sem við búum við nú um stundir, sem olíu á eldinn. Hún sé allsráðandi og ekki sjái fyrir endann á henni. „Það þýðir að ennþá mikilvægara er að gera borgarana betur læsa á gögn og upplýsingar og hvar er betra að hefja þá vinnu en í skólakerfinu? Ef stór hluti drengja fær ekki þetta upplýsingalæsi veikir það stöðu þeirra til lengri tíma lítið sem og samfélagsins alls. Trumpisminn í Bandaríkjunum er gott dæmi um þetta. Heimurinn er allt annar nú en fyrir tuttugu árum og það er hættuleg þróun til lengri tíma ef stór þjóðfélagsþróun fær ekki menntun og þá þekkingu, upplýsingalæsi og vísunni sem henn fylgir.“

Mikill meirihluti fanga á Íslandi er karlar og Viðar segir margt benda til þess að það tengist skorti á menntun og því að drengir séu líklegri til að verða utanveltu í skólakerfinu. Enda þótt fleiri þættir spili þar auðvitað inn í. „Leiðist drengir snemma inn á ákveðna braut getur verið erfitt að snúa til baka.“

Einhver vakning að verða

Mikið hefur verið rætt og ritað um vanda drengja í skólakerfinu á umliðnum árum en minna virðist hafa verið um aðgerðir. Viðar er þó ekki frá því að einhver vakning sé að verða og vísar í því sambandi til átaksverkefna sem bæði Vestmannaeyjabær og Hafnarfjarðarbær eru að ráðast í til að rétta hlut drengja. Þá sé fyrirsprungin frá skólum alltaf að fjölga, til hans sjálfs, Hermundar Sigmundssonar prófessors og fleiri fræðimanna sem hafa látið sig málið varða.

Það hlýtur að teljast mjög jákvætt enda einróma álit viðmælenda blaðsins í þessum greinaflokk að við þurfum að snúa saman bókum, foreldrar, kennarar og samfélagið í heild. Eins og fram hefur komið þá þurfum við líka að vera gagnrýnin og velta við hverjum steini til að fyrirbyggja að við förum ekki úr einni þjóðfélagslegri skekkju yfir í aðra.

Þetta er lokagreinin í greinaflokk um vanda drengja í skólakerfinu sem birst hefur hér í blaðinu síðustu fjóra sunnudaga.